


Gildandi skipulag

Mkv.: 1:10.000



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Blaðstærð A3

27.9.2018/4.2.2019
**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar fai
Kaupgangi v/Mýrarveg
600 Akureyri
arni@teikna.is
www.teikna.is

SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
 - lb Ib Ibúðarsvæði
 - lb B Blúðarsvæði, blönduð byggð
 - S Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - M Miðsvæði, miðbær
 - V Verslunar- og þjónustusvæði
 - A Athafnasvæði
 - H Hafnarsvæði
 - I Löndarsvæði
 - Ö Öbyggt svæði
 - Opin svæði til sérstakra nota
 - R Sorpförgunarsvæði
 - Hv Hverfisverndarsvæði
 - Náttúruverndarsvæði
 - Landfylling
 - Forminjar
 - Merking landnotkunarrita
 - Blönduð landnotkun
 - Skipulagi frestað
 - Stofnbraut
 - Tengibraut
 - Stofnstígur innan byggðar
 - Megin útivistarstígur
 - Megin útivistarstígur og reiðleið
 - Reiðleið
 - Flutningslinur rafveitukerfis
 - Flutningslinur rafveitukerfis
 - Aðveitulögn hitaveitu
 - Aðveitulögn vatnsveitu
 - Útrás fráveitu
- Nýtt ták til skýringar*
- Skráður minjastaður

BREYTING - AKRANESHÖFN

Bæjarstjórn Akraness leggur til að breyting verði gerð á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 til samræmis við fyrirhugaðar framkvæmdir við hafnarsvæðið. Hafnarsvæði H1 verður stækkað sem nemur lengingu Aðalhafnargarðs og brimvarnargarðs og hafnargarður Skarfatangahafnar á svæði H2 felldur út. Einnig verður gerð breyting á deiliskipulagi Akraneshafnar frá 1987.

STADHÆTTIR

Akraneshöfn er fyrst og fremst fiskihöfn þar sem togarar, uppsjárveiðiskip og smábátar hafa landað afla sínum. Til ársins 1998 var höfnin ferjuhöfn fyrir Akraborg, en með opnun Hvalfjarðarganga lögðust þær siglingar af. Vöruflutningar eru um höfnina s.s. sement og áburður.

Hafnaraðstæður á Akranesi eru fremur þröngar, sem skapast af legu hafnarinnar og aðstæðum á Akranesi. Á síðustu áratugum hefur verið unnið markvisst að því að verja höfnina þungum sjó, sem fylgir sterkum suðvestanáttum og öldu sem stendur þá beint á Aðalhafnargarðinn. Með endurbótum á Aðalhafnargarðinum hefur tekist að verja höfnina fyrir ágjöf, en ölduhreyfingar við ákveðnar aðstæður utan hafnar hafa valdið sögi í höfninni, sem skapar ókyrrð fyrir skip í viðlegu. Ýmislegt hefur verið gert til að koma í veg fyrir þessa ókyrrð, en án fullnægjandi árangurs. Hins vegar eru þessir dagar sem valda ókyrrð fái og viðleguskilyrði allfresta daga ársins góð. Endurbýgging viðlegukants og lenging um 90 m við ytri hluta Aðalhafnargarðs opnar á möguleika á að taka þar til hafnar stærri skip en í dag komast inn í Akraneshöfn. Einnig verður öldudeyfling inni í höfninni endurbætt. Með lengingu brimvarnar er gert ráð fyrir að kyrrð í höfninni aukist og ölduhæð lækki.

BREYTING

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er endurbýgging og lenging Aðalhafnargarðs, í öðru lagi dýpkun viðlegu- og snúningsvæðis í höfninni (ekki háð aðalskipulagsákvæðum) og í þriðja lagi lenging sjóvarnargarðs.

Lenging sjóvarnargarðs hefur áhrif á öldufar á svæðinu utan við sementsreitinn og gæti haft áhrif á sandflutning á sjávarbotni og sandbúskap Langasands. Engar athuganir hafa verið gerðar á hugsanlegum áhrifum á Langasand og er því settur fyrirvari um að ekki verði farið í framkvæmdir við lengingu sjóvarnargarðsins fyrir en áhrif hennar á sandflutninga hafa verið metin. Ef niðurstöður gefa ástæðu til að breyta hönnun varnargarðsins í meginatriðum verður skipulagi breytt til samræmis við endurskoðaða hönnun hans. Lenging Aðalhafnargarðs og dýpkun innan hafnar mun ekki hafa áhrif á sandflutninga við Langasand.

Áformað er að við heildarendurskoðun aðalskipulagsins, sem stefnt er að að kynnt verði og auglýst 2019, verði svonefnd Skarfatangahöfn (svæði H2) felld út. Útfærslu þeirrar breytingar er ekki lokið. Umfang Skarfatangahafnar, eins og hún er sýnd í gildandi aðalskipulagi, er óraunhæft svo og kostnaður miðað við notagildi og þarfir. Vegna nálægðar fyrirhugaðrar lengingar Aðalhafnargarðs við hafnargarð Skarfatangahafnar er lagt til að hafnargarður Skarfatangahafnar verði felldur út úr aðalskipulagi nú. Útlinur landfyllinga á svæði H2 eru að öðru leyti óbreyttar á þessu stigi en verða ákvarðaðar við heildarendurskoðun aðalskipulagsins.

Með breytingunni verða skilgreindar forsendur fyrir nauðsynlegum framkvæmdum við Aðalhafnargarð. Ekki er gert ráð fyrir byggingarlóðum á Aðalhafnargarði.

Breytingar á skipulagsupprætti

- Afmörkuð er ný landfylling við enda bryggjunnar með lengingu hafnargarðs og brimvarnargarðs.
- Hafnargarður Skarfatangahafnar er felldur út.
- *Skráðir minjastaðir skv. Fornleifakönnun við Akraneshöfn 2018 merktir á upprætti.

Breytingar á greinargerð

Kaflí 3.3.9 Hafnarsvæði

Engin breyting er gerð á almennum texta greinargerðar.

Gildandi skipulag

Nr.	Sterð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1	10,9 ha	Akraneshöfn	Fjölbreytt hafnarstarfsemi, fiskvinnsla, þjónusta og önnur hafnsækin starfsemi. Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir hluta hafnarsvæðisins.	Lokið skal gerð deiliskipulags hafnarsvæðisins. Höfn og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi, fiskiðnað og aðra athafnastarfsemi. Nýtingarhlutfall ákvarðað í deiliskipulagi.
H2	14	Stækkun Akraneshafnar, Skarfatangahöfn	Öbyggt.	Drög að nýjum hafnargarði og stækkun hafnarsvæðis samkvæmt áætlun Siglingastofnunar. Hafnarsvæði, höfn og hafnargarðar, athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi. N: 0,5

Breytt skipulag

Nr.	Sterð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1	12,4 ha	Akraneshöfn	Fjölbreytt hafnarstarfsemi, fiskvinnsla, þjónusta og önnur hafnsækin starfsemi. Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir hluta hafnarsvæðisins.	Lokið skal gerð deiliskipulags hafnarsvæðisins. Höfn og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi, fiskiðnað og aðra athafnastarfsemi. Nýtingarhlutfall ákvarðað í deiliskipulagi. Lenging sjóvarnargarðs er með fyrirvara um að gerð verði athugun á áhrifum hennar á sandflutninga og sandbúskap Langasands.
H2	6,1	Stækkun Akraneshafnar, Skarfatangahöfn	Öbyggt.	Fallið er frá gerð nýrrar hafnar. Stefnt að landfyllingu fyrir athafnalóðir á hafnarsvæði. Skipulagslinur eru í vinnslu og verða settar fram í endurskoðuðu aðalskipulagi. Nýtingarhlutfall verður ákvarðað í deiliskipulagi.

Kaflí 3.4.7 Landfyllingar

Gildandi skipulag:

Landfylling vegna Skarfatangahafnar miðast við frumhönnun Siglingastofnunar og er um 14 ha.

Breyttur texti:

Landfylling sunnan Aðalhafnargarðs verður um 5,7 ha (hluti svæðis H2). Skipulagslinur og endanlegt flatarmál hennar verður ákveðið við endurskoðun aðalskipulagsins.

Nýr texti:

Gert er ráð fyrir um 1,5 ha landfyllingu fyrir lengingu viðlegukants og brimvarnargarð við enda Aðalhafnargarðs á svæði H1. Fyrirvari er um að áhrif framkvæmdarinnar á sandbúskap Langasands verði könnuð áður en ráðist verður í lengingu brimvarnargarðsins.

UMHVERFISSKÝRSLA, ÁHRIFAMAT

Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 þar sem skipulagið felur í sér breytingu á mannvirki sem fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

*Fornminjar á svæðinu hafa verið skráðar í tveim áföngum (Adolf Friðriksson: *Deiliskrá fornleifa á Sýruparti Akranesi* 2016; Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson: *Fornleifakönnun við Akraneshöfn* 2018). Engar minjar komu í ljós við ytri enda aðalhafnargarðs og sjóvarnargarðs. Sunnan og vestan við höfnina er lítil vik sem í voru lendingarstaðir frá Heimaskaga og nærliggjandi býlum, og þar eru leifar bryggju frá 1908 með síðari viðbótum. Skráðir minjastaðir eru ekki innan þess svæðis sem breytingin nær til. Þeir hafa verið mældir upp og myndaðir til samræmis við óskir og leiðsögn Minjastofnunar Íslands og merktir inn á skipulagsupprætti.

Svæðið er raskað og snertir hvorki sérstæðar náttúruminjar né sérstök vistkerfi. Jarðefni sem upp koma við dýpkun hafnar og hafnarmynnis verða nýtt sem fyllingarefni. Núverandi grjótvörn nýtist að miklu leyti í lengingu varnargarðs. Annað fyllingarefni (um 64.000 m³) og efni í brimvarnargarð (allt að 75.000 m³) mun koma úr viðurkenndum námum með starfskeyfi. Efni verður að öllum líkindum flutt sjóleiðina að framkvæmdastað.

Lenging hafnargarðs og dýpkun hafnar mun ekki hafa áhrif á sandbúskap Langasands. Sandi sem upp kemur við viðhaldsdýpkun hafnar verður skilað á Langasand. Kanna þarf áhrif lengingar brimvarnargarðs á sandflutning á hafsbotni og sandbúskap Langasands áður en ráðist verður í framkvæmdir og taka mið af þeim athugunum við endanlega hönnun og/öða mótvægisáðgerðir ef þær athuganir gefa tilfni til.

Áhrifamat: jákvæð (+) neikvæð (-) óveruleg/á ekki við (0) óviss (?)

Áhrifavaldur	Áhrif	Aðgerð/mótvægisáðgerð
Hafnargarður Skarfatangahafnar tekinn út úr aðalskipulagi	Jákvæð áhrif á bæjarmynd Akraness. Óraunhæf og óhagkvæm framkvæmd felld út.	0
Lenging aðalhafnargarðs og brimvarnar	Bætt innsigling og öryggi innan hafnar. Bætt sjólag og kyrrð í höfninni Mögulegt að taka til hafnar stærri og djúpristari skip en áður. Hvorki áhrif á náttúruverndarsvæði né þekktu minjastaði. Efnisþörf í fyllingu og brimvörn. Gæti haft áhrif á sandbúskap Langasands.	0 0 0 Fyllingarefni fæst við dýpkun hafnar. Núv. grjótvörn nýtist að miklu leyti. Viðbótarefni verður tekið úr opnum námum á landi. Fyrirvari settur um rannsókn áður en farið verður í framkvæmd.

Framkvæmdin mun hafa jákvæð áhrif á öryggi hafnarinnar og eykur afkastagetu hennar. Breytingin hefur því jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf. Áhrif á Langasand eru óviss en breyttir straumar gætu breytt sandburði í sjónum. Fyrirvari er um að brimvarnargarður verði ekki lengdur fyrr en þau áhrif hafa verið könnuð. Mótvægisáðgerðir eru hugsanlegar utan skipulagssvæðisins, t.d. meðfram Faxabraut og við landfyllingu austan Sementsbryggju. Höfnin og hafnarmannvirki eru sterkur dráttur í bæjarmynd Akraness. Lenging hafnarinnar hefur minni háttar áhrif á ástýni bæjarinnar en er í samhengi við anda og yfirbragð útgerðarbæjar. Með niðurfellingu hafnargarðs Skarfatangahafnar er fallið frá verulegri breytingu á ástýni bæjarinnar frá hafi og miklum breytingum á útsýni til hafs frá nálægri byggð.

*Breytingar eftir auglýsingu v/athugasemdar Minjastofnunar.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann _____.

bæjarstjórnin á Akranesi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____.

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.